

Foreldraráð MH Fundargerð

Fundur haldinn í MH þriðjudaginn 1. september 2020 kl. 18:00

Mættar eru: Arna Sigurðardóttir, Elísabet Einarsdóttir, Fríður Reynsidóttir, Harpa Karlsdóttir, Kristín Finndís Jónsdóttir, Nína María Morávek.

Eftirfarandi var rætt á fundinum :

- Stefnt að því að halda aðalfund 1 nóvember eða um leið og tilslakanir verða meiri.
- Komið hefur í ljós að netfang foreldraráðs er óvirkt. Verður virkjað aftur á þann hátt að Fríður fær allan póst sem sendur er á þetta netfang og áframsendir á formann foreldraráðs.
- Þar sem ekki verður hægt að halda aðalfund á næstum vikum er erfiðara að ná til foreldra nýnema. Skólastjórnendur senda út fréttabréf fljótlega til allra foreldra og þar mun koma fram starf foreldraráðs og FB síða ráðsins. Foreldrar verða hvattir til að taka þátt í starfinu.
- Foreldraráð styrkti kaup á hljóðkerfi síðasta vetur. Ákveðið að ræða við stjórn nemendaráðs hvort þau hafi einhverjar sérstakar óskir um næsta fjárstyrk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30. Næsti fundur verður 22. september kl. 18:00

Nína María Morávek, fundarritari.